

## 108. Stjórnarfundur Fenúr

**Mætt:** Guðmundur Tr. Ólafsson, Ragna Halldórsdóttir, Helga J. Bjarnadóttir, Már Karlsson, Elías Ólafsson, Yngvar Halldórsson og Guðmundur B. Friðriksson

**Staður og stund:** Sorpa, Gufunesi þann 27. apríl 2009 kl.15:45.

### Þetta gerðist

1. Skipan stjórnar.  
Ákveðið að skipan stjórnar verði eftirfarandi næsta starfsár: Helga J. Bjarnadóttir verði varaformaður, Már Karlsson verði gjaldkeri, Guðmundur B. Friðriksson verði ritari og Yngvar Halldórsson verði meðstjórnandi. Ragna Halldórsdóttir var kjörinn formaður á aðalfundi og Guðmundur Tryggvi og Elías Ólafsson varamenn í stjórn.
2. Fundartími og fundarstaður stjórnar.  
Ákveðið að festa fundartíma stjórnar annan mánudag í hverjum mánuði kl. 14:45. Fundað verður hjá Sorpu í Gufunesi, næsti fundur verði 11. maí nk.
3. Starfshópur um nýtingu á lífúrgangi  
Guðmundur Tryggvi lagði fram bréf Ólafs Dýrmundssonar um starfshóp sem stofnaður var á Búnaðarþingi um nýtingu á lífúrgangi. Bréfi Ólafs fylgdi erindi umhverfis- og jarðræktarnefndar Búnaðarsambandsins um skipun hópsins. Ólafur leggur til að FENÚR sækist eftir sæti í starfshópnum. Ákveðið að Ragna og Guðmundur Tryggvi sendi bréf til Búnaðarsambandsins og óski eftir þátttöku í hópnum.
4. Verkefni næsta starfsárs  
Ákveðið að ræða verkefni næsta starfsárs á næsta stjórnarfundum ásamt minnisþkt. sem Guðmundur Tryggvi tók saman á stefnumótunarfundi fagráðsins þann 2. apríl sl.
5. Önnur mál
  - a. Guðmundur B. kynnti hugmynd um að halda haustráðstefnu FENÚR í samstarf við Félag umhverfisfræðinga á Íslandi (FUMÍ). Guðmundur hefur rætt hugmyndina við Rögnu og stjórnarmann í FUMÍ sem hafa tekið vel í hugmyndina. Með samstarfi mætti vekja athygli á starfsemi FENÚR, fjölga þáttakendum á haustráðstefnunni og ná tengingu við fræðasamfélagið. Ákveðið að ræða málið frekar á næsta stjórnarfundum þegar farið verður yfir verkefni næsta starfsárs
  - b. Elías ræddi góða þátttöku á landsráðstefnu Staðardagskrár 21 á Stykkishólmi í mars sl. E.t.v. mætti kynna FENÚR á næstu landsráðstefnu.
  - c. Guðmundur Tryggvi sagði frá fyrirhuguðum NAF fundi hérlendis í lok júní.
  - d. Rætt um ISWA og ágreining sem komið hefur upp um kosninga innan félagsins.

Fundi slitið kl. 17:10

Fundarritari: Guðmundur B. Friðriksson